



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 6. maí, 2010

Ákvörðun nr. 13/2010

Yfirtaka Sparisjóðabanka Íslands hf. á RT veitingum ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með samrunatilkynningu sem barst Samkeppniseftirlitinu 16. desember 2009 tilkynnti Sparisjóðabanki Íslands hf. (hér eftir SPB) stofnuninni um yfirtöku sína á RT veitingum ehf. (hér eftir RT veitingar). Fullnægði tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna, en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna.

Þann 8. desember 2009 birti Samkeppniseftirlitið umræðuskjal um banka og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Þann 21. janúar 2010 féll úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009 *Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu* þar sem áfrýjunarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að ýmis samkeppnisleg vandkvæði leiddi af yfirtökum banka á atvinnufyrirtækjum. Með bréfi dags. 27. janúar 2010 tilkynnti Samkeppniseftirlitið því samrunaaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans þar sem um var að ræða yfirtöku banka á atvinnufyrirtæki.

II.

Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfiráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki nái yfiráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa eignir þess í heild eða hluta, sbr. c-liður 1. mgr. 17. gr. Getur samruni falist í því að fyrirtæki taki yfir hvers kyns eignir annars fyrirtækis.¹ Samruni getur einnig falist í því að fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki, sbr. b-liður 1. mgr. 17. gr. Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 4. gr. er með fyrirtæki átt við einstakling, félag, opinbera aðila eða aðra sem stunda atvinnurekstur. Með atvinnurekstri er átt við hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga.

¹ Sjá t.d. leiðbeiningarreglur framkvæmdastjórnar EB frá 10. júlí 2007 um m.a. skilgreiningu á hugtakinu samruni (COMMISSION CONSOLIDATED JURISDICTIONAL NOTICE under Council Regulation (EC) No 139/2004 on the control of concentrations between undertakings): "...the object of control can be one or more, or also parts of, undertakings which constitute legal entities, or the assets of such entities, or only some of these assets. The acquisition of control over assets can only be considered a concentration if those assets constitute the whole or a part of an undertaking, i.e. a business with a market presence, to which a market turnover can be clearly attributed. The transfer of the client base of a business can fulfil these criteria if this is sufficient to transfer a business with a market turnover. A transaction confined to intangible assets such as brands, patents or copyrights may also be considered to be a concentration if those assets constitute a business with a market turnover..."



Samruni þessi varðar yfirtöku SPB á Hömp ehf., móðurfélagi RT veitinga. Til yfirráðanna stofnast með því að vanskil RT veitinga á skuldbindingum sínum við SPB hafa leitt til þess að bankinn hefur leyst til sín allt hlutafé RT veitinga og öðlast þannig yfirráð yfir félaginu.

SPB er fjármálafyrirtæki sem sérhæfði sig í heilidsöluþjónustu við sparisjóði í landinu, auk þess að stunda lánavðskipti við valda viðskiptavinum. Fjármálaeftirlitið ákvað þann 21. mars 2009 að taka yfir vald hluthafafundar SPB. Þá ákvað Fjármálaeftirlitið 27. mars að skipa bankanum skilanevnd sem fer með öll málefni SPB og hefur umsjón með allri meðferð eigna hans og skulda.

RT veitingar starfrækir veitingahúsin Ruby Tuesday á Íslandi og starfar því á innlendum veitingahúsamarkaði. Veitingahúsin eru tvö, bæði staðsett í Reykjavík, að Höfðabakka og í Skipholti og eru starfrækt á grundvelli rekstrarleyfis („operating agreement“) frá Ruby Tuesday Inc. Helstu viðskiptavinir veitingahúsana er fjölskyldufólk og helstu samkeppnisaðilar á markaði eru önnur sambærileg veitingahús með svipað verðlag, svo sem TGI Fridays, Pizza Hut, American Style, Grillhúsið, Potturinn og pannan, Lauga-Ás og Askur. Engin efni eru til þess að ætla að með yfirtökunni stofnist til markaðsráðandi stöðu á markaðnum. Fram er komið af hálfu Sparisjóðabanka Íslands að stefnt sé að sölu fyrirtækisins svo fljótt sem verða má.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruni þessa máls raski ekki samkeppni skv. þeim viðmiðunum sem felast í 17. gr. c samkeppnislaga. Við rannsókn málsins var m.a. tekið til athugunar hvort samkeppni kunni að verða raskað með eignarhaldi Sparisjóðabanka Íslands. Er þá m.a. vísað til umræðuskjals Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009, *Bankar og endurskipulagning fyrirtækja – stefnumörkun*, og úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 18/2009, *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu*. Samkeppniseftirlitið telur að ekki séu forsendur til íhlutunar á þessum grunni. Við það mat var m.a. horft er til óverulegrar markaðshlutdeildar RT veitinga og þess að Sparisjóðabanki Íslands er ekki umsvifamikill í endurskipulagningu fyrirtækja auk þess sem hann sinnir ekki lengur almennri viðskiptabankaþjónustu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til þess að aðhafast frekar vegna yfirtöku Sparisjóðabanka Íslands hf. á RT veitingum ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson